

43

24. júlí

## AUGLÝSING

um forsetakjör.

Hinn 17. júní s. l. kjöri Alþingi Svein Björnsson, ríkisstjóra, til þess að vera forseta Íslands tímabilið frá 17. júní 1944 til 31. júlí 1945.

*Forsætisráðherrann, 24. júlí 1944.*

**Björn Þórðarson.**

44

17. ágúst

## FORSETAÚRSKURÐUR

um fánadaga o. fl.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og fyrirmælum 7. gr. laga nr. 34 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Draga skal fána á stöng á húsum opinberra stofnana, sem eru í umsjá valds-  
manna eða sérstakra forstöðumanna ríkisins, eftirgreinda daga:

1. Fæðingardag forseta Íslands.
2. Nýársdag.
3. Föstudaginn langa.
4. Páskadag.
5. Sumardaginn fyrsta.
6. 1. maí.
7. Hvítasunnudag.
8. 17. júní.
9. 1. desember.
10. Jóladag.

Alla ofangreinda daga skal draga fána að hún, nema föstudaginn langa, þá í hálfra stöng.

2. gr.

Hverja daga aðra en í 1. gr. segir, og við hvaða tækifæri flagga skal á landi, fer eftir ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

3. gr.

Á tímabilinu 1. marz—31. október skal eigi draga fána á stöng á landi fyrr en kl. 8 árdegis, en á tímabilinu 1. nóvember til febrúarloka eigi fyrr en kl. 9 árdegis.

4. gr.

Fáni skal eigi uppi vera lengur en til sólarlags og aldrei lengur en til kl. 8 síð-  
degis, nema flaggað sé á stað við útisamkomur, þá má láta fána vera uppi meðan  
samkoman varir og hjart er, þó eigi lengur en til miðnættis.

*Gjört í Reykjavík, 17. ágúst 1944.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Björn Þórðarson.*